



FUNDARGERÐ

KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 2

Dags. fundar 20.03.12	13:00 – 16:00	Staður Gistihúsið Egilsstöðum	Nr. fundar 1
Fundarstjóri: Kristján Geirsson	Fundarritari: Jóhanna og tryggvi, áhersla lögð á að skrifa niður helstu ábendingar og athugasemdir frá fulltrúum, og ákvarðanir teknar á fundinum.		
Fundarmenn: Helga Hreinsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, María Markúsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi eystra, Gaukur Hjartarson, Norðurþingi, Ármann Viðar Sigurðsson, Fjallabyggð, Ingibjörg Björnsdóttir, Skútustaðahreppi, Jónas Vigfússon, Eyjafjarðasveit, Jóhann E. Benediktsson, Fjarðabyggð, Lárus Heiðarsson, Fljótsdalshreppi, Þorsteinn Bergsson, Fljótsdalshéraði, Kristján Geirsson, UST, Heiðrún Guðmundsdóttir, UST, Jóhanna Björk Weisshappel, UST, Tryggvi Þórðarson, UST.			
Afrit sent til: Fulltrúa í vatnsvæðisnefnd á svæði 2			
Markmið fundar: Kynna nýja stjórnsýslu vatnamála, drög að áfanga- og verkáætlun, hlutverk vatnsvæðisnefnda og skipulag vinnufunda.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	Opnun fundar: Kristján Geirsson, deildarstjóri.	KG	
2	Kynningar: Heiðrún Guðmundsdóttir– Lög og reglugerðir Tryggvi Þórðarson– Áfanga og verkáætlun 2011-2015 Jóhanna Björk Weisshappel– Vatnsvæðisnefndir og skipulag vinnufunda. Ábendingar, athugasemdir frá fulltrúum: El Grillo á botni Seyðisfjarðar, vandamál, olía kemur upp á yfirborð sjávar á vorin (Helga hjá HAUST). Skólp frá þéttbýli Seyðisfjarðar ekki vandamál þrátt fyrir að eins þr. hreinsun sé ekki til staðar. Helga Hreins. fór nýlega í eflitsferð þangað til að mæla gerlamengun, ekkert mældist. Ábending um að gott væri að fá gátlista varðandi mat á mengun, sýnilegum áhrifum (Ármann, Fjallabyggð). JBW mun senda gátlista til fulltrúa í vatnsvæðisnefndinni. Ábending um að betra væri að raða þéttbýlum og starfsemi/fyrirtækjum í álagslistanum upp eftir póstnúmerum innan sveitarfélagsnúmera (Helga hjá HAUST). Helga hjá HAUST vakti athygli á því að heilbrigðiseftirlitin legðu á sig nokkra vinnu við að taka saman upplýsingar og þurfa að leggja fram vegna álagsgreiningar UST. Þau fengu hinsvegar ekki fé frá ríkinu til að framkvæma slíka vinnu. Vinnufundir: Fulltrúar sammála um að haldinn verði vinnufundur á Reyðarfirði (26. apríl) fyrir austurhluta vatnsvæðis 2 þ.e. fyrir Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp, Vopnafjarðahrepp og alla Austfirðina. Einnig að haldinn verði einn vinnufundur á Húsavík (fyrir hádegi 27. apríl) fyrir Norðurþing, Tjörneshrepp, Svalbarðshrepp, Langanesbyggð og Skútustaðahrepp og annar vinnufundur á Akureyri (eftir hádegi 27. apríl) fyrir sveitarfélögin vestast á vatnsvæðinu, við og í grennd við Eyjafjörðinn.	HG TP JBW	
	Næsti fundur: 26. apríl á Reyðarfirði, 27. apríl á Húsavík og Akureyri.		